



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. júlí 2024  
USK24060310

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 11.7.2024 varðandi eftirfarandi mál:

**USK - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Álfsnes, Esjumelar. Endurskilgreining iðnaðar- og athafnasvæða - til afgreiðslu**

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. júlí 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2024, á kynningu á verkefnislýsingu skipulagsgerðar Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og umhverfismats vegna þróunar byggðar á Kjalarnesi, Grundarhverfi, opin svæði utan vaxtamarka, ásamt fylgiskjöllum.

- Kl. 9.15 tekur Dóra Björt Guðjónsdóttir sæti á fundinum með rafrænum hætti .

Samþykkt.

Björn Axelsson, Ævar Harðarson og Haraldur Sigurðsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Þó fulltrúi Sósíalístaflokksins greiði atkvæði með breytingunni vegna þess að þörf er á að skilgreina svæði fyrir þann iðnað sem átt hefur aðsetur í þéttbýli áður en hann á að víkja þaðan undan blandaðri byggð og íbúðauppbyggingu, er rétt að ítreka andstöðu við skotsvæði á þessum stað vegna viðvarandi ónæðis af því fyrir nágretta þess. Umgengni við náttúru á svæðinu þarf sömuleiðis að bæta með auknum umsvifum á Álfsnesi, borið hefur á plastfoki af athafnasvæði Sorpu, sem gefur ekki góða fyrirmynd fyrir aðila sem fá athafnasvæði á nesinu.

Helga Björk Laxdal  
e.u.

Afrit: